

Ár 2010, fimmtudaginn 15. apríl kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Viktoría Kristinsdóttir í forföllum Róberts Hlökkverssonar og Steinar Rafn Garðarsson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Formaður bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnáði.

Leitaði hann eftir athugasemdum um fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi lagði forseti fram eftirfarandi dagskrárbreytingatillögu:

Við dagskrána bætist liður 3. Samstarfssamningur hagsmunaaðila vegna Garðyrkju- og blómasýningarinnar "Blóm í bæ". Töluröð annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### Dagskrá:

##### 1. Ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2009, fyrri umræða.

##### 2. Fundargerðir

- 2.1. Bæjarráðs frá 18. mars og 7. apríl 2010.
- 2.2. Menningar- íþrótt og frístundanevnd frá 9. mars 2010.
- 2.3. Skoðunarmanna 10. (2 fundargerðir) og 12. apríl 2010.

##### 3. Fundargerðir til kynningar;

- 3.1 Bæjarstjórnar frá 11. mars 2010.

Hér var gengið til dagskrár

#### 1. Ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2009, fyrri umræða.

Á fundinn mætti endurskoðandi bæjarins, Ólafur Gestsson sem kynnti ársreikninginn og lagði fram endurskoðunarbréf sitt.

Í máli hans kom fram að rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 95,4 mkr en það er nokkru minna en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun sem hljóðaði uppá 99 mkr tap. Heildartekjur A og B hluta eru 1.364 mkr og heildarútgjöld án afskrifta og fjármagnsliða 1.213 mkr.

Rekstrarniðurstaða sveitarsjóðs (A-hluta) eingöngu er neikvæð um 96,7 mkr en áætlun gerði ráð fyrir tapi uppá 104,1. Skýrist þessi mismunur á niðurstöðu og áætlun að mestu með hækkandi tekjum en verðbólga umfram það sem gert var ráð fyrir í áætlun rýrir síðan niðurstöðu ársreiknings um tæpar 20 mkr.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam rúmum 129 mkr. skv. efnahagsreikningi. Veltufé frá rekstri A og B hluta nemur 5,6% af heildartekjum á meðan að áætlun gerði ráð fyrir 4,05%. Handbært fé frá rekstri er 43,7 mkr. Fjárfesting ársins í varanlegum rekstrarfjármunum nam 158,4 mkr og fjárfesting í eignarhlutum (FSu) nam 2,8 mkr. Í

máli endurskoðanda kom fram að bókhald væri vel og skipulega fært og að meðferð fjármuna og innheimta bæjargjalda sé í traustum og föstum skorðum.

Með fundarboði fylgdi greinargerð skoðunarmanna.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Herdís Þórðardóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Unnur Þormóðsdóttir.

Fulltrúar minnihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Fyrir síðari umræðu um ársreikning Hveragerðisbæjar 2009 óska bæjarfulltrúar A-listans eftir sundurliðun á eftirtöldum liðum.

Skammtímakröfur:

Óinnheimtar tekjur	129.348.000
Aðrar skammtímakröfur	85.010.000

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir	46.391.000
Viðskipaskuldir	25.661.000
Aðrar skammtímaskuldir	42.834.000

Sundurliðun:

Á aðkeyptri sérfræðiþjónustu árið 2009	
Á öðrum tekjum	351.906.000
Á kostnaði við gervigrasvöll	5.000.000

Sundurliðun og skýringar:

Hvernig tjónabætur frá Bjargráðasjóði og Viðlagatryggingum er færðar í ársreikningi Heildarupphæðir tjónabóta vegna Suðurlandsskjálftans sundurgreindar á tjón.

Verkframkvæmdir Hveragerðisbæjar fyrir tjónabætur frá Suðurlandsskjálftanum.

Heildarkostnaðar við aðstöðuhúsið á Vorsabæjarvöllum sundurliðaður niður á hvert ár frá því verkframkvæmdir hófust.

Samþykkt að vísa ársreikningum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

## 2. Fundagerðir;

### 2.1. Bæjarráðs frá 18. mars 2010

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

### Bæjarráðs frá 7. apríl 2010.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Steinar Garðarsson, Eyþór H. Ólafsson, Guðmundur Þór Guðjónsson og Viktoría Kristinsdóttir.

Varðandi lið 1.11 Brunavarnir Árnassýslu (BÁ) lagði bæjarstjóri fram eftirfarandi bókun:

Á fundi fulltrúaráðs BÁ þann 13. apríl sl. kynnti undirrituð sjónarmið Hvergerðinga varðandi mikilvægi áframhaldandi samnings milli BÁ og Hveragerðisbæjar um þjónustu Slökkviliðs Hveragerðis í vesturhluta Ölfuss. Í kjölfar umræðna á þeim fundi ákvað fulltrúaráðið að gera samning út árið 2010 um þjónustuna og samstarf í eldvarnaeftirliti. Bæjarstjóri og stjórnarformaður BÁ munu í sameiningu vinna samning sem lagður verður fyrir bæjarráð til samþykktar.

Varðandi lið 2.7 leggur meirihlutinn fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að taka tilboði Öryggismiðstöðvar Íslands að upphæð kr. 2.782.491,- í stað tilboðs Securitas merkt C þar sem komið hefur í ljós við nánari skoðun að það síðarnefnda uppfyllir ekki skilyrði útboðs og er því ógilt. Jafnframt verði kannað hvort þráðlausar tengingar séu hagstæðari en tengingar í jörðu og skipulags- og byggingafulltrúa falið að hefja nú þegar uppsetningu vélanna með tilliti til hagkvæmasta kosts í þeim eignum.

Eyþór H. Ólafsson  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Unnur Þormóðsdóttir  
Guðmundur Þór Guðjónsson.

Kl. 17:52 var gert fundarhlé.

Kl. 18:15 hélt fundur áfram.

Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn sat hjá með eftirfarandi bókun.

Minnihluti A-listans lýsir yfir mikilli ánægju með verkefnið sem farið er af stað í bæjarfélaginu við nágrannavörslu. Minnihlutinn tekur undir bókun bæjarfulltrúa A-listans í bæjarráði, í ljós hefur komið að ekki er hægt að taka tilboði Securitas merkt „Securitas C“ þar sem upplausn í myndavél uppfyllti ekki skilyrði útboðsins. Minnihlutinn telur þau gögn sem lögð voru fram á fundinum taka ekki nægjanlega á upplausn vélanna og getu þeirra til að sýna skýrar myndir s.s. í hinum ýmsum veðrum. Minnihlutinn telur að vel þurfi að standa að þessu verkefni svo ekki skapist falskt öryggi hjá bæjarbúum.

Herdís Þórðardóttir  
Steinar Garðarsson  
Viktoría Kristinsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

## 2.2. Menningar- íþróttá og frístundanevndar frá 9. mars 2010.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

## 2.3. Skoðunarmanna frá 10. (2 fundargerðir) og 12. apríl 2010.

Enginn tók til máls.

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

**3. Samstarfssamningur vegna Garðyrkju- og blómasýningarinnar "Blóm í bæ".**

Lagður fram samstarfssamningur milli sextán hagsmunaaðila Garðyrkju- og blómasýningarinnar "Blóm í bæ". Í samningum er farið yfir sameiginleg markmið aðila með sýningarhaldinu og jafnframt ákveðið að sýningin skuli haldin síðustu helgina í júní árið 2010 og 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Herdís Þórðardóttir.

Samningurinn samþykktur samhljóða og verður hann undirritaður af bæjarstjóra á sumardaginn fyrsta.

**4. Fundargerðir til kynningar.****4.1. Bæjarstjórnar frá 11. mars 2010.**

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Herdís Þórðardóttir

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign).

Viktoría Kristinsdóttir, (sign).

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Steinar Rafn Garðarsson, (sign).

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Helga Kristjánsdóttir, (sign).